Neistinn

Fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna. 2. tbl. 3. árg. 2006

Efnisyfirlit

2 Efnisyfirlit og fréttir.

3 Pistill formanns.

4 Styrktarsjóðurinn 10 ára.

6 Meðfæddir hjartagallar og íþróttir.

8 Skorað fyrir gott málefni: 1,1 milljón til Neistans.

10 Glæsilegt jólahlaðborð.

12 Þrjár vikur urðu að fjórum mánuðum.

16 Norrænu sumarbúðirnar: Fjör á finnsku ævintýraeynni.

17 Ég fylgi hjartanu.

18 Hátíð í Heiðmörk.

20 Norðurlandaþingið 2006.

21 Aðstæður hjartveikra barna í Helsinki.

• Útgefandi: Neistinn – Styrktarfélag hjartveikra barna.
• Ritstjóri: Páll Kristinn Pálsson.
Netfang: pallkristinn@internet.is.
• Ábyrgðarmaður: Guðrún Bergmann Franzdóttir.
• Umbrot: hskj/Öflun.
• Prentun: Prenttækni ehf.
• Heimilisfang: Síðumúla 6, 108 Reykjavík.
Sími 552-5744, www.neistinn.is - neistinn@neistinn.is.

Fréttir

Jólaball Neistans 9. desember

Hið árlega og vinsæla jólaball Neistans verður haldið laugardaginn 9. desember í safnaðarheimili Seljakirkju og hefst klukkan 14.00. Jólasveinar mæta og dansa og syngja með okkur í kringum jólatréð. Boðið verður upp á góðar veitingar. Aðgangur ókeypis.

Jólakort Neistans

Sala jólakorta er ein af helstu fjáröflunarleiðum Neistans. Teikningar á þeim eru eftir systurnar Guðrúnu Kristínu og Söru Karen. Hægt er panta jólakortin með tölvupósti á neistinn@neistinn.is eða hringja í síma 552 5744. Jólakortin eru seld fjögur saman í pakka og kostar pakkinn 500 krónur.

Gott málefni þarfnast fjármagns

Neistinn er styrktarfélag hjartveikra barna og aðstandenda þeirra. Starfsemin gengur bæði út á að veita þeim félagslegan stuðning og fjárhagslega styrki eftir mætti, þar sem langvinn veikindi koma oft verulega niður á fjárhagsafkomu heimilanna.

Fjáröflun er því stór þáttur í starfi Neistans og fer fram með ýmsum hætti. En hægt er að styrkja starfið beint með framlagi á reikning okkar í Landsbankanum. Reikningsnúmerið er 0101-26-4995 og kennitala Neistans 490695-2309.

Neistinn hefur einnig tekjur af sölu minningarkorta, sem afgreidd eru á skrifstofu Hjartaheilla í síma 552 5744.

Pistill formanns

Öflugt starf Neistans

Aðalfundur Neistans var haldinn 24. maí síðastliðinn og á honum varð mikil breyting á stjórninni. Tvær sitja í henni áfram, Sandra Franks sem nú er varaformaður og undirrituð, Guðrún Bergmann Franzdóttir, sem nú er formaður. Úr stjórn fóru Margrét M. Ragnars formaður, Ragna Sveinbjörnsdóttir, Hallfríður Kristinsdóttir, Þórdís Elín Kristinsdóttir og María Aðalsteinsdóttir. Markmið fyrri stjórnar var að efla, opna og lyfta upp starfi Neistans. Það tókst og er það góðu samstarfi og samheldni að þakka og þökkum við fráfarandi stjórnarkonum frábært og óeigingjarnt starf.

En það kemur alltaf maður í manns stað og höfum við fengið frábært fólk í stjórnina. Þau eru Guðný Sigurðardóttir, sem nú er gjaldkeri, Andri Júlíusson ritari, Svava Gunnarsdóttir meðstjórnandi, Berglind Sigurðardóttir og Gróa Jónsdóttir varamenn, og bjóðum við þau velkomin.

Margt hefur verið í gangi hjá okkur. Nú í sumar sendum við í fyrsta skipti tvo unglinga í Nordic Camp, Norrænu sumarbúðirnar, sem í ár voru í Finnlandi. Þarna hittast hjartveikir unglingar frá öllum Norðurlöndunum en fyrir okkar hönd fóru Aron Ingi og Birkir, en fararstjóri var Árni Magnús Ragnarsson. Frændur okkar voru mjög ánægðir með að fá loks Íslendinga í búðirnar og vonandi sendum við fulltrúa frá okkur áfram.

Sumarhátíðin okkar heppnaðist prýðilega. Fjölmargir félagsmenn tóku þátt í henni og skemmtum við okkur saman og grilluðum. Sproti mætti á svæðið og færði börnunum smágjafir, Breiðholtbakarí styrkti okkur eins og endranær, einnig Víf-ilfell sem hefur verið duglegt að styrkja okkur. Takk, takk.

Landsbankinn hefur lagt sitt af mörkum við að styrkja Neistann og má þar nefna helst fótboltann en bankinn hefur verið með áheit sem kallast „Skorað fyrir gott málefni“. Allt í allt fengum við 1.100.000 og þökkum Landsbankanum kærlega fyrir okkur. Í tengslum við átakið fengu 22 hjartveik börn að ganga með leikmönnum inn á landsleikinn Ísland – Danmörk á Laugardalsvelli. Það var stórkostleg stund fyrir þau og ekki spurning að þau eiga eftir að varðveita þessa minningu í brjóstum sér.

Alþjóðahjartadagurinn er nýliðinn en hann er alltaf haldinn síðasta sunnudag í september. Hjartaheill á Reykjavíkursvæðinu og Neistinn efndu til göngu um Elliðaárdalinn og var mjög góð mæting. Aðalherslan þennan dag er að huga að heilsu og vellíðan og skiptir hreyfing og mataræði miklu máli. Var því farið í göngu og fengum við okkur ávexti og vatn á eftir. Allir þátttakendur voru mjög ánægðir með þennan dag og vonumst við til að jafn góð mæting verði að ári liðnu.

Umhyggja hefur boðið félagsmönnum sínum, þ.á.m. okkur, tvisvar í leikhús í ár. Þetta voru sýningarnar Ronja ræningjadóttir og Hafið bláa, og var mjög góð mæting hjá okkar fólki. Við þökkum Umhyggju kærlega fyrir frábæra skemmtun.

Mömmuklúbburinn er að fara af stað aftur og mun vonandi fljótlega á næsta ári liggja fyrir atburðadagatal yfir starfsemi hans. Verður þá hægt að fylgjast vel með föstum viðburðum bæði hjá klúbbnum og á vefsíðu Neistans.

Ég hlakka mikið til að takast á við næstu tvö ár sem formaður og vonast til að eiga gott samstarf við ykkur öll. Markmið mitt er að halda áfram í anda fyrri stjórnar og einnig að efla enn frekar unglingastarfið okkar.

En mesta vinnan okkar felst í öflun fjár til að geta aðstoðað fjölskyldur hjartveikra barna. Árlega þurfum við að senda allt að 20 fjölskyldur til Boston með barn í aðgerð. Einnig eru framkvæmdar aðgerðir hér á landi og þurfa þær fjölskyldur einnig fjárhagsstuðning og margar þeirra oftar en einu sinni. Hvetjum við því alla sem vilja leggja sitt af mörkum við að styrkja samtökin okkar, og hjálpa okkur að hjálpa þeim.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka fyrir hönd Neistans öllum velunnurum sem hafa lagt okkur lið síðastliðin ár og gert okkur kleift að halda okkar striki.

Hjartanskveðjur,
Guðrún Bergmann Franzdóttir.

Nýja stjórnin. Stjórnarkonur halda á Andra Júlíussyni ritara. Fv. Sandra Franks, Guðný Sigurðardóttir, Guðrún Bergmann Franzdóttir, Gróa Jónsdóttir, Berglind Sigurðardóttir og Svava Gunnarsdóttir.

Styrktarsjóðurinn 10 ára

Styrktarsjóðurinn okkar er orðinn 10 ára gamall. Í tilefni af þessum merku tímamótum sendum við Guðrúnu Pétursdóttur, formanni sjóðsins, nokkrar spurningar og birtast svör hennar hér á eftir.

Guðrún Pétursdóttir, formaður Styrktarsjóðs hjartveikra barna.

1. Hver var aðdragandinn að stofnun sjóðsins?

Aðstaða fjölskyldna hjartveikra barna kallaði eftir stofnun styrktarsjóðsins. Það kom fljótlega fram eftir stofnun félagsins Neistans, að mikil þörf var á að styrkja fjárhagslega fjölskyldur hjartveikra barna. Almannatryggingakerfið mætti ekki þörfum þessa hóps og dæmi voru fyrir því að fjölskyldur misstu heimili sín vegna veikinda barns. Því lagði Neistinn mikla áherslu á að stofna sérstakan styrktarsjóð sem ætlaður var hjartveikum börnum. Var því ákveðið að stofna *Styrktarsjóð hjartveikra barna* og tók hann formlega til starfa haustið 1996.

2. Hvaðan komu peningarnir í sjóðinn?

Það var ljóst að ef sjóðurinn ætti að geta staðið undir nafni til lengri tíma, yrði að afla honum höfuðstóls sem munaði um. Þess vegna var efnt til landssöfnunar strax vorið 1997. Söfnunin var sameiginlegt átak Neistans, Stöðvar 2, Bylgjunnar, SPRON og Gulu línunnar, auk þess sem fjöldi fólks lagði söfnuninni lið við að svara í símann og taka við gjöfum landsmanna. Þetta átak bar frábæran árangur og söfnuðust yfir 27 milljónir króna.

Megin bakhjarl styrktarsjóðsins er Neistinn, og heldur hann úti fjölbreyttri starfsemi til að kynna félagið og afla peninga. Fjölmargir einstaklingar hafa látið fé af hendi rakna til sjóðsins við ýmis tækifæri. Til dæmis hafa menn gefið fé við hátíðleg tækifæri, andvirði stórafmælisveislna eða gjafa í afmæli og brúðkaup. Skáldaval hefur gefið út bækur til styrkar félaginu og Neistinn heldur úti blaðaútgáfu sem þessari, selur jólakort, geisladiska og þess háttar, svo fátt eitt sé nefnt.

3. Hver var þörfin í upphafi og hvernig gekk að mæta henni?

Við höfum reynt að aðstoða fjölskyldur hjartveikra barna við að mæta viðbótarútgjöldum, einkum vegna tekjumissis eða langvarandi dvalar að heiman. Þetta á bæði við um börn utan af landi, sem þurfa að dvelja langdvölum í Reykjavík eða koma oft í bæinn vegna veikinda sinna, og einnig þau sem þurfa að fara utan til aðgerða.

Þörfin hefur verið nokkuð jöfn frá ári til árs. Fjöldi barna sem fæðist með hjartagalla breytist ekki mikið, en hins vegar hafa möguleikar á að framkvæma hjartaaðgerðir hér heima batnað, þannig að ekki þurfa eins mörg börn að fara utan og áður. Ör tækniþróun hefur gert læknunum kleift að bjarga börnum með mun flóknari hjartagalla en áður.

Sum börn þurfa að fara ítrekað í aðgerðir, og við styðjum fjölskylduna í hvert sinn.

4. Hafa verið einhverjir sérstakir áfangar í sögu sjóðsins?

Fyrir utan það framtak sem þurfti til að stofna sjóðinn, var stærsti áfanginn tvímælalaust landssöfnunin vorið 1997, sem minnst var á hér að framan. Það var ekki aðeins söfnun fjárins sem skipti sköpum, heldur ekki síður það að vekja

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

ólavía og oliver
Barnavöruverslun Glæsibæ - www.oo.is

athygli á málstað og aðstæðum hjartveikra barna og fjölskyldna þeirra. Stöð 2 stóð mjög vel að dagskrárgerðinni, sagði sögu margra barna og sýndi viðtöl við aðstandendur þeirra og ástvini. Ég held að það hafi ekki látið nokkurn mann ósnortinn að kynnast þannig lífi þessara fjölskyldna og vandanum sem þær eiga við að etja.

En við höfum gert fleira, til dæmis má telja málþingið ***Mér um hug og hjarta nú*** sem Neistinn og Styrktarsjóðurinn stóðu að síðastliðið vor. Markmið þess var að vekja athygli á þeim vandamálum sem hjartveik börn mæta á skólagöngu sinni og gera skólunum auðveldara að mæta þeim. Hjartveik börn hafa ýmsar sérþarfir sem taka verður tillit til í skólanum. Barn ber ekki hjartveikina utan á sér og það er ekki sjálfgefið að önnur börn eða starfsfólk átti sig á að það þarf að taka sérstakt tillit til þess. Skólinn þarf fyrst og fremst **að vita** að barnið er hjartveikt og upplýsa alla starfsmenn sem hafa með barnið að gera um þennan vanda og hvað á að gera ef eitthvað kemur upp á. Þótt barn sé hjartveikt, getur það alveg lært og staðið sig vel í skólanum, en það eru ákveðnir þættir sem þarf að gæta að. Sem dæmi má nefna að barnið getur misst mikið úr skóla vegna endurtekinna veikinda. Einhvern veginn þarf að bæta úr því og gæta þess að því verði ekki refsað fyrir lélega mætingu, sem það sjálft á enga sök á. Annað dæmi er að hjartveik börn eru oft þolminni en önnur, en þurfa samt á líkamsþjálfun að halda. Íþróttakennarinn þarf að vita hvað óhætt er að leggja á barnið og gæta þess að það taki þátt í æfingum og leikjum hinna barnanna. Á málþinginu voru ýmsar hliðar þessara mála reifaðar og voru viðstaddir sammála um að þetta var bæði fróðlegt og þarft framak.

5. Hvernig hefur sjóðurinn þróast á þessum tíu árum, svo sem fjöldi styrkþega og fjármagn til ráðstöfunar?

Það hafa ekki orðið nein stökk í þróun sjóðsins, heldur hefur hún verið samfelld og jöfn. Úthlutanir eru þrisvar á ári og hafa verið veittir um það bil 25 styrkir árlega frá upphafi og hafa fjárhæðir verið í samræmi við ráðstöfunarfé sjóðsins á hverjum tíma.

6. Hvernig er staða sjóðsins á 10 ára afmælinu?

Það er vandaverk að stýra svona sjóði, þar sem fjárþörfin er mikil, fjármagnið takmarkað og vaxtastefna hverful. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að skila honum sterkum áfram til langs tíma. Við höfum gætt þess að ganga ekki á höfuðstól hans, heldur verja aðeins vaxtatekjum og sértekjum hvers árs til styrkja. Þannig hefur okkur tekist að láta sjóðinn eflast jafnt og þétt, svo að hann getur mætt sveiflum í vaxtastefnu bankanna án þess að þurfa að skerða styrkina.

Þetta er fyrst og fremst að þakka Neistanum, sem staðið hefur dyggilega við bakið á Styrktarsjóðnum og alla tíð verið óþreytandi við að safna til hans fé.

7. Hverjar eru framtíðarhorfur sjóðsins?

Það er ekki ástæða til annars en að vera bjartsýn. Auðvitað vildum við sjá breytingu á skattalögum, þannig að líknarfélög yrðu undanþegin fjármagnstekjuskatti. Reyndar hefur einn af fyrrum stjórnarmönnum sjóðsins, Sandra Franks, lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis. Við vonum að hún nái fram að ganga.

Sjóðurinn á vonandi góða og gjöfula framtíð, ekki síst ef hann getur áfram treyst á sína góðu bakhjarla og skilning á þörfum hjartveikra barna og fjölskyldna þeirra.

En í raun má segja að lokamarkmið okkar sé að ekki verði þörf fyrir sérstakan styrktarsjóð til að mæta óvæntu fjárhagslegu áfalli vegna alvarlegra veikinda barna.

KB BANKI

NÓI SÍRÍUS

Meðfæddir hjartagallar og íþróttir

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson

Foreldrar hjartveikra barna velta oft fyrir sér hversu mikla áreynslu þau þola og hvort þeim sé óhætt að leggja stund á íþróttir af öllu tagi. Neistinn bar þessa spurningu undir Gylfa Óskarsson, hjartalækni á barnadeild Landsspítalans.

„Þetta er ekki einfalt mál," sagði Gylfi. „Það er fjallað um þessi atriði í hópi lækna með reglulegu millibili. Ég las til dæmis nýlega grein um samráð sérfræðinga frá Noregi, Belgíu, Þýskalandi og Sviss um þetta efni. Þeir hittust og fóru yfir stöðuna varðandi málefni sjúklinga með meðfædda hjartagalla. Hvað væri til af vísindagögnum og hvaða ályktanir þeir gætu dregið af persónulegri reynslu. Læknisfræði nútímans á að byggja eins mikið og hægt er á vísindalegum gögnum, en við sumu höfum við einfaldlega enn ekki svör með þeim hætti, heldur verðum við að byggja á reynslu og almennri heilbrigðri skynsemi. Við verðum að gera það sem við teljum vera best miðað við þá þekkingu og valkosti sem við höfum hverju sinni."

Misleitur hópur

Gylfi sagði það flækja dálítið umræðuna hvað börn með hjartavandamál væru misleitur hópur. „Það er erfitt að setja alla þessa einstaklinga undir sama hatt. En kjarninn í þessu varðandi íþróttir og áreynslu og hjartavandamál hjá börnum og unglingum, er sá að við teljum langflesta hafa gott af einhverri reglubundinni hreyfingu. Foreldrar þessara barna hafa hins vegar oft á tíðum tilhneigingu til að ofvernda þau, draga úr því að þau hreyfi sig og það er mjög slæmt.

Grunnlínan sem við leggjum upp með varðandi hreyfingu og íþróttir fyrir þennan hóp er að allir hafi gott af þessu og mjög fáir einstaklingar eru það veikir að þeir megi ekkert hreyfa sig. En það er mikilvægt að skipta þessu annars vegar í hreyfingu í frístundum, eðlilega leiki og áreynslu, að fara og sparka bolta með vinunum eða vera í leikfimi, og svo hins vegar að vera í íþróttum til að verða keppnismaður eða jafnvel afreksmaður.

Stór hluti þeirra sem fæðast með hjartagalla og hafa farið í aðgerðir, eða eru með eitthvað svolítið óviðgert, geta stundað íþróttir og jafnvel orðið afreksmenn. Við verðum þó alltaf að hafa hugfast að þessir krakkar, sem eru reyndar allir í reglubundu eftirliti hjá okkur, verða að ræða þessi mál við hjartalækninn sinn. Þeir verða að spyrja: Hvað gildir fyrir mig? Hef ég eðlilegt þrek? Má ég reyna á mig? Má ég fara í fótbolta? Leikfimi? Ég hef áhuga á að keppa í körfubolta –má ég það? Það verður sem sagt að athuga þetta fyrir hvern og einn."

Veigrar fólk sér nokkuð við að ræða þessi atriði?

„Nei, það finnst mér ekki. Þvert á móti er mikið spurt um hvað ástand barnsins þýði varðandi þrek og hreyfingu. Og þegar krakkarnir verða stálpaðri reynum við að koma inn á þetta þegar þeir koma í eftirlit til okkar. Oftast ljúkum við viðtölum með því að segja viðkomandi að allar íþróttir séu í lagi fyrir hann eða hana. Stundum gleymum við þessu og því gott að foreldrar muni eftir þessu, hvað gildi fyrir þeirra barn. En ef það eru einhverjar sérstakar takmarkanir fyrir iðkun íþrótta bendum við á þær, því þótt flestir eigi að hreyfa sig er ákveðinn hópur sem við þurfum að passa sérstaklega."

Takttruflanir

Hvað einkennir þann hóp?

„Þetta eru reyndar nokkrir hópar, svo sem börn með takttruflanir af einhverjum toga. Þau geta verið með eðlilegt hjarta í grunninum en fá takttruflanir til dæmis eftir veirusýkingar. Svo geta þetta verið krakkar sem eru með meðfæddan hjartagalla, hafa farið í aðgerð en eru áfram með takttruflanir. Í slíkum tilfellum mælum við gegn því að viðkomandi stundi íþróttir þar sem mikið er um snertingar og árekstra, svo sem handbolta. Í ákveðnum sjúkdómum verða veikingar í æðaveggjum, til dæmis í ósæðinni. Við erum með nokkra slíka sjúklinga, og þeir mega ekki stunda svona íþróttir þar sem mikið er um snertingu og árekstra því það getur valdið lífshættulegum takttruflunum."

Eru dæmi um að illa hafi farið við íþróttaiðkun hér á landi?

HEKLA

„Ég man ekki eftir að neinn sjúklingur eða barn sem er í eftirliti hjá okkur hafi verið við íþróttaiðkun og eitthvað slæmt hafi gerst. Hins vegar veit ég um þónokkur dæmi þess frá þeim tíma sem ég starfaði í Svíþjóð. Þar vorum við með ansi stóran hóp og fengum öðru hverju fregnir af því að börn hefðu fengi einkenni við íþróttaiðkun, en það voru yfirleitt börn með flóknustu og erfiðustu sjúkdómana. Vandamálið þar er einmitt þetta að við getum sagt við foreldrana að þeir eigi ekki að ýta undir að barnið stundi keppnisíþróttir, en getum við langt bann við því að það fari í út frímínútur í skólanum og taki þátt í fótboltanum? Ég held ekki, það yrði voðalega erfitt, en það er við þannig aðstæður sem svona getur gerst. Maður veit samt ekki hvort það hefði ekki alveg eins gerst fyrir viðkomandi þegar hann sat inni í kennslustund. Það eru svona atriði sem ekki liggja ljós fyrir.“



Gylfi Óskarsson, hjartalæknir.
„Mjög fáir einstaklingar eru það veikir að þeir megi ekkert hreyfa sig.

Hættulegt að hreyfa sig ekki

Gylfi vildi ítreka að fyrir flest börn með hjartavandamál er hreyfing og hæfileg áreynsla góð og jákvæð. „Það getur orðið mjög neikvætt ef einhver er með smávægilegt hjartavandamál og verður fyrir vikið kyrrsetumanneskja með lélegt þrek. Ef fólk er með lélegt þrek á unglingsárum, og kannski þar að auki of þungt, þá er komið upp ástand sem fylgir því alla ævi og getur haft neikvæðari áhrif á heilsufarið þegar upp er staðið en það vandamál sem lagt var upp með.

Eins og ég segi þá er lykilatriðið að ræða þetta vel við hjartalæknana þegar foreldrar koma með börn sín til okkar. Hvað gildir fyrir hvern og einn. Það eru til ákveðnir hjartasjúkdómar þar sem vitað er að miklir erfiðleikar geta komið upp við áreynslu. Erlendis eru fjölmörg dæmi um að afreksíþróttafólk verði við mjög mikla áreynslu fyrir takttruflunum eða hjartabilun. Því miður er það þannig að langflestir þessara einstaklinga hafa ekki verið með sjúkdómsgreiningu. Þess vegna hefur verið talsvert rætt um að leita kerfisbundið hjá öllum krökkum hvort þeir hafi leynda meðfædda galla til að koma í veg fyrir að þetta gerist. Það hefur þó ekki verið talin ástæða til þess að fara út í slíkt á Norðurlöndunum, en þetta er mikið til umræðu í Bandaríkjunum.

En niðurstaðan úr fyrrnefndu samráði hjartasérfræðinganna var sú, að regluleg áreynsla sé æskileg meðal barna með væg hjartavandamál og að flest þeirra geti tekið þátt í íþróttum án nokkurra takmarkana. Jafnframt að vissir hópar verði að takmarka áreynslu og svo verður að undirstrika rækilega að ákvarðanir í þessum efnum beri ávallt að taka í samráði við lækna.“

vistor

Skorað fyrir gott málefni: 1,1 milljón til Neistans

Landsbankinn stóð fyrir sérstæðu fjáröflunarátaki til góðgerðarmála í knattspyrnunni í sumar. Bankinn er styrktaraðili efstu deilda karla og kvenna, sem kenndar eru við hann og nefnast Landsbankadeildir. Neistinn naut góðs af átakinu.

Skorað fyrir gott málefni var yfirskrift átaksins, sem var þannig háttað að Landsbankinn hét því að greiða 30.000 krónur fyrir hvert skorað mark í 13. umferð kvennadeildarinnar og 25.000 krónur fyrir hvert skorað mark í 15. umferð karlanna.

Konurnar skoruðu grimmt

Hvort sem áheitinu var um að þakka eða ekki buðu konurnar upp á sannkallaða markaveislu í sinni umferð. Þær skoruðu heil þrjátíu mörk, sem þýddi að þær höfðu fært Neistanum 900.000 krónur.

Karlarnir voru ekki eins drjúgir á skotskónum. Í þeirra umferð voru skoruð átta mörk, sem gaf Neistanum 200.000 krónur.

Samtals skilaði átakið því 1.1 milljón til Neistans, sem getur ekki annað en talist alveg frábært. Peningarnir voru afhentir á vináttulandsleik karlaliða Íslands og Danmerkur sem háður var á Laugardalsvellinum 6. september.

Ábyrgð fyrirtækja

Rausnarskapur Landsbankans kemur Neistanum ekki á óvart, en þegar við spurðum Björgólf Guðmundsson, formann bankaráðs Landsbankans, hvaða hugmyndafræði lægi hér að baki svaraði hann:

„Við í Landsbankanum viljum láta gott af okkur leiða. Ég er þeirrar skoðunar að þegar vel gengur í rekstri fyrirtækja okkar þá eigi aðrir að njóta þess með okkur, - einkum þeir sem einhverra hluta vegna geta ekki tekið fullan þátt atvinnu- og menningarlífi okkar. Ég hef sagt að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja sé sjálfsábyrgð. Heilbrigt og gott samfélag styrkir jafnt þjóðlíf sem atvinnulíf. Við í Landsbankunum vitum að bættur hagur eins einstaklings er eitt skref í átt til betra samfélags.“

Guðrún Bergmann tekur við ávísuninni góðu á landsleik Íslendinga og Dana þann 6. september síðastliðinn.

Hjartabörn voru lukkupollar í vináttulandsleik Íslendinga og Dana.

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík

A. Wendel ehf.
A.R.E.V. ehf.
Afltækni ehf.
Akron ehf.
Allt í einu, söluturn
Altech – JHM hf.
Alþýðusamband Íslands
Antiksalan
Apparat ehf.
Argos ehf.– Arkitektastofa ---Grétars og Stefáns
Arkidea ehf.
Arkitektastofan Úti og inni sf.
Arkís ehf.
Arnarljós
Aseta ehf.
ASK Arkitektar ehf.
Atvinnuhús ehf. – Fasteignasala
Augað – Gleraugnaverslun
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
Auglýsingastofan Hér og nú ehf
Auglýsingastofan Korter
Árbæjarapótek ehf.
Ársól í Grímsbæ
Ártúnsskóli
Badmintonsamband Íslands
Bakarameistarinn hf.
Balletskóli Eddur Scheving
Bandalag háskólamanna
Barnatannlæknastofan ehf.
Bergá – Sandblástur ehf.
Bergdal ehf.
Bergplast ehf.
Betri bílar ehf.
Beyki ehf.
BGH réttingar
Bifreiðabyggingar sf.
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs ehf
Bílaberg sf.
Bílabúð Benna
Bílaleigan AKA ehf.
Bílamálun Halldórs Þ. Nikulássonar sf
Bílasala Íslands
Björgun ehf.
Blikksmiðjan Gréttir
Blindrafélagið
Blómatorgið
Borgarhöllin – Fossaleyni 1
Bókasafn Menntaskólans v/Sund
Bókhaldsþjónustan
Bólsturverk sf.
Bón–Fús
Bónus
Brauðhúsið ehf.
Breiðholtskirkja
Brimborg ehf.
Brynja ehf. verslun
Búsáhöld
Búseti
BV – Ramma Studíó ehf.
Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf.
Cabin ehf.
Carl Bergmann
Carpe diem
Cyrus ehf.
Dansrækt J.S.B.
Dansskóli Heiðars Ástvaldssonar
Dansskóli Jóns Péturs og Köru sf.
Davíð S. Jónsson & Co. ehf.
Deli ehf.
Devitos Pizza ehf.
Dreifing – Borgarhella
Dvalar og hjúkrunarheimilið Grund
Dýraríkið
E.T. Einar og Tryggvi ehf.
Efling stéttarfélag
Efnalaug Grafarvogs
Eignamiðlunin ehf.
Einingaverksmiðjan ehf.
Eirvík heimilistæki hf.
Endurskoðun Hjartar Pjeturssonar ehf.
Endurskoðun Péturs Jónssonar ehf.
Endurvinnslan hf.
Engey ehf. heildverslun
Ernst & Young
Extra Hársnyrtistofa
Eyfeld ehf.
Fasa- Föt ehf
Fasteignafélagið Stoðir hf.
Fasteignakaup ehf.
Fasteignamarkaðurinn ehf.
Fasteignamiðlunin Múli ehf.
Fasteignasalan Ásbyrgi ehf
Fasteignasalan Borgir ehf.
Fasteignasalan Garður
Faxaflóahafnir
Ferð og saga
Ferðaskrifstofa Harðar Erlingsonar –Naturreisen ehf.
Ferðaskrifstofan Atlantik ehf.
Feró sf.
Ferskar kjötvörur hf.
Félag bókagerðarmanna
Félag einstæðra foreldra
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félagsbústaðir hf.
Félagsmálaráðuneytið
Félagsmiðstöðin Aflagranda 40
Fiskkaup hf.
Fiskverslun Hafliða Baldvinssonar
Fínka málningarverktakar ehf.
Fjölbrautaskólinn Ármúla
Flügger – Litir
Flötur ehf.
Forum Lögmenn
Fótaaðgerða- og snyrtistofa Eddu
Fótaaðgerðastofa Óskar og Helgu
Frysti– og kæliþjónustan
Fönix ehf
G. Hannesson ehf.
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Gagnaeyðing ehf.
Gagnageymslan ehf.
Gallabuxnabúðin – Kringlunni
Gallerí Fold
Garðar og Vélar ehf.
Gasco ehf.
Gámaþjónustan hf.
Geiri hf.
Gissur og Pálmi ehf.
Gísli Þ. G. Magnússon
Gítarskóli Ólafs Gauks
Gjögur hf.
Gleraugnasalan
Gleraugnasmiðjan ehf.
Glófaxi ehf. blikksmiðja
Gluggasmiðjan ehf.
Grillhúsið Tryggvagötu
Grillturninn ehf.
Gripið og greitt ehf.
Gríma Hárstofa
Grænn kostur ehf.
GS varahlutir ehf.
Guðmundur Arason ehf. Smíðajárn
Guðmundur Jónasson ehf.
Gull & silfur hf.
Gullkistan
Gullrún ehf. (Eikin)
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
H og S byggingaverktakar ehf.
Hafgæði sf.
Hagafl ehf.
Hagbót ehf.
Hagverk ehf.
Halldór Jónsson ehf.
Handprjónasamband Íslands ehf.
Happdrætti D.A.S.
Harald og Sigurður hf.
Harðviðarval ehf.
Haukur Þorsteinsson tannlæknir
Háfell ehf.
Hárfinnur ehf.
Hárgreiðslustofa Brósa
Hárgreiðslustofa Heiðu
Hárgreiðslustofan Apena
Hárhornið
Hársnyrtistofan Aida
Hársnyrtistofan Klippótek
Hársport
Háskólinn í Reykjavík
Heildverslunin Berg
Heilsubrunnurinn ehf.
Heimilisprýði ehf.
Heitar íslenskar samlokur ehf
Hið íslenska biblíufélag
Hilmar D. Ólafsson ehf.
Hilmar Ingimundarsson hrl
Hilti ehf.
Himinn og haf ehf.
Himnesk Hollusta
Hjálparstarf kirkjunnar
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Hljóðfæraverslun Pálmars Árna
Hljóðfæraverslunin Rín hf.
Hof ehf.
Hollt og Gott ehf.
Hópferðaþjónusta Reykjavíkur
Hótel Frón
Hótel Reykjavík hf.
Hraði ehf. fatahreinsun
Hringrás hf.
HS – Smíðar ehf.
Hugmót ehf.
Hugsjá ehf.
Húsaklæðning ehf.
Húsalagnir hf.
Húsasmiðurinn ehf.
Húsið fasteignamiðl. ehf.
Hvellur G. Tómasson ehf.
Hverfisbarinn ehf.
Höfðakaffi ehf.
Höfði fasteignamiðlun ehf.
Hönnun hf.
Hönnunar og Listamiðstöðin, Ártúnsbrekku
Hörganes ehf.
Icelandair ehf.
Innheimtustofnun sveitarfélaga
Innrömmun AK – Njálsgötu 106
Internet á Íslandi hf. – ISNIC
Intrum á Íslandi ehf.
Ímynd ehf.
Ísbúðin Fákafeni 9
Ísleifur Jónsson ehf.
Íslensk endurskoðun ehf.
Íslensk getspá
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.
Íslux ehf.
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík
J. Eiríksson ehf.
J.Ó. Verktakar ehf. – Vatnasport.is
J.S. Gunnarsson hf.
JBS ehf.
Jóhannes Long ljósmyndari
Jón Ásbjörnsson hf. heildverslun
Jón Egilsson lögmannsstofa
Jónína Lárusdóttir & co. Fálkaborg
JS Gull ehf.
K. Pétursson
K.H.G. þjónustan ehf.
Kaffi Hljómalind
Kaffi Mílanó
Kaffi strætó
Kandís
Kapalþjónustan
Kauphöll Íslands hf.
Kaupþing Búnaðarbank ---hf. v/Háaleiti
Kemhydrosalan ehf.
Kemis ehf.
Kjaran ehf.
Kjötborg ehf.
Kjöthöllin ehf.
Knattspyrnusamband Íslands
Kórall sf.
Krabbameinsfélag Íslands
Kramhúsið
Kvikk þjónustan
Kvikmyndagerðin Kvik
Landar ehf.
Landbúnaðarráðuneytið
Landslag ehf.
Landssamband hestamannafélaga Laugardal
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Landssamtök Sauðfjárbænda
Leikskólinn Hamraborg
Leikskólinn Völvuborg
List og saga ehf.
Litir og föndur – Handlist ehf.
Lífstef ehf.

IH ICELANDAIRHOTELS

MERCK SHARP & DOHME
Rannsóknir til framtíðar

Glæsilegt jólahlaðborð

Sunnudaginn 26. nóvember síðastliðinn bauð Hótel Örk hjartveikum börnum og fjölskyldum þeirra í Jólahlaðborð Birtu og Bárðs. Er skemmst frá því að segja að mætingin sló öll met, því um 150 manns komu frá okkur og var alveg frábært að sjá allt þetta fólk samankomið.

Okkur var boðið upp á dýrindismat, alveg ekta matarhlaðborð, og voru allir mjög ánægðir með það. Bárður var á svæðinu, skemmti krökkunum og fullorðna fólkinu líka. Eftir að allir voru orðnir pakksaddir birtust tveir jólasveinar og dönsuðu með okkur í kringum jólatréð. Þeir gáfu svo krökkunum gjafir.

Þetta var ógleymanleg stund fyrir okkur öll og þökkum við starfsfólki Hótel Arkar fyrir þetta rausnarlega boð og frábæra skemmtun.



GV Gröfur

Óseyri 2 • 603 Akureyri • Sími 462 5700
Fax 462 5701 • Kt. 500795-2479

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
Lífstykkjabúðin ehf.
Línan ehf.
Ljósmyndir Rutar
Lýsi hf.
Læknasetrið sf.
Lögfræðistofa Kristjáns Stefánssonar
Lögmannafélag Íslands
Lögmannsskrifstofan Fortis ehf
Lögmannsstofa Jóns Halldórssonar hrl.
Lögmenn Húsi Verslunarinnar
Lögreglustjórinn í Reykjavík
Lögskil ehf.
Lögþing ehf.
Löndun ehf.
Magnús og Steingrímur ehf.
Malbikunarstöðin Höfði hf
Margt smátt ehf.
Málmsteypa Ámunda Sigurðssonar ehf.
Melabúðin ehf.
Menntaskólinn í Reykjavík
Mentis hf.
Merkismenn ehf.
MEST ehf
Miðgarður þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness
MS Reykjavík
Múli réttingar og sprautun ehf
Myndlistaskólinn í Reykjavík
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
Nálin ehf
Nortek ehf.
Nuddstofan Paradís
Nýdekk ehf.
Nýherji hf.
Nýi ökuskólinn ehf.
Nýja kökuhúsið Kringlunni
Olíudreifing ehf.
Optimar Ísland ehf.
Orkulind
Ottó auglýsingastofa ehf.
Ó. Johnsson & Kaaber ehf.
Ófeigur Gullsmiðja ehf.
ÓG Bygg ehf.
Ólafur Þorsteinsson ehf.
P.S. rétting
Parlogis hf.
Páll Andrés Andrésson
Pelsinn verslun
Petrína Rós Karlsdóttir – Löggiltur skjalaþýðandi
Petromax Ísland /petromax.is
Pipar og salt
Pípulagnaverktakar ehf.
Plastco hf.
Plúsmarkaðurinn Hátúni 10b ehf.
Potturinn og pannan – Þríeining ehf.
Poulsen ehf.
Prikið
Profilstál
Prologus ehf.
PS Ráðgjöf
Pökkun og flutningar sf.
R.J. Verkfræðingar ehf.
Rafstilling ehf.
Rafteikning hf. Verkfræðistofa
Raftækjaverslun Íslands hf.
Raftæknistofan hf.
Raftækniþjónusta Trausta ehf.
Rafur ehf.
Rafvirkjameistarinn ehf.
Rafvirkjaþjónustan ehf.
Raförninn ehf.
Ragnar Aðalsteinsson – Sigríður Júníusdóttir Lögmenn ehf.
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði H.Í.
RARIK hf.
Ráðgjafar ehf.
Reiknistofa bankanna
Rekstrarverktak ehf.
Renniverkstæði Ægis
Réttarholtsskóli
RJR ehf.
Rolf Johansen & co. ehf.
Rotary – umdæmið á Íslandi
RT ehf. – Rafagnatækni
S.B. veitingar
S.B.S. innréttingar
S.Í.B.S.
Sagtækni ehf.
Samband íslenskra bankamanna
Samhjálp Hvítasunnumanna
Samiðn
Samson ehf.
Securitas hf
Seglagerðin Ægir
Seljakirkja
Sendibílar – Í allar áttir ehf. – Sími 691 3000
SFR – Stéttarfélag í almannaþjónustu
Shalimar
Sigurður Sigurjónsson hrl.
Sigvaldi Snær Kaldalóns
Sjálfsbjörg Landssamband
Fatlaðra
Sjálfstæðisflokkurinn
Sjúkraþjálfunarstöð Önnu K. Ottesen
Skartgripaverslun og vinnustofa Eyjólfs
Skipamálning ehf.
Skipasalan ehf.
Skólabrú
Skólphreinsun Ásgeirs
Skóverslunin Bossanova hf.
Skrá ehf.
Skúlason & Jónsson ehf.
Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
Smith & Norland hf.
Smíðaþjónustan ehf.
SMS Bílasprautun og réttingar
Smur og dekkjaþjónusta Breiðholts ehf.
Smur- og viðgerðarþjónustan ehf.
Snerruútgáfan ehf.
Snyrtimiðstöðin
Spor ehf.
Sportbarinn ehf.
Stansverk ehf.
Stálsmiðjan ehf.
Stálver ehf.
Stéttarfélag verkfræðinga
Stilling hf.
Stlúlkur og Stælgæjar – Hverafold
Straumbær ehf.
Styrktarfélag Vangefinna
Suzuki bílar hf.
Sveinbjörn Sigurðsson ehf.
Svipmyndir
Svissinn hjá Steina
Sýningakerfi ehf.
Sökkull ehf.
Söluturninn Smárinn ehf.
Söluturninn Vitinn ehf.
Söngskólinn Hjartansmál
Söngskólinn í Reykjavík
Talnakönnun – Heimur
Tandur hf.
Tannlæknafélag Íslands
Tannlæknastofa Birgis Jóh. Jóhannssonar
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur
Tannlæknastofa Guðrúnar Ólafsdóttur
Tannlæknastofa Sigríðar Rósu
Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar
Tannlæknastofurnar Grensásvegi 13
Tannsmíðastofa Kristins Sigmarssonar
Teiknistofa Ingimundar Sveinssonar
Teiknivangur
TGM Ráðgjöf
Trésmiðja Magnúsar F. Jónssonar sf.
Trésmiðjan Jari hf.
Triton hf.
TROBECO ehf.
Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Tæknivélar sf.
Umslag ehf.
Úra- og klukkuverslun Hermanns Jónssonar
Trausti ehf.
Útfararstofa kirkjugarðanna
Útfararþjónustan ehf.
Útflutningsráð Íslands Trade Council of Iceland
Útivist og sport ehf.
Útlendingastofnun
Valhöll fasteignasala ehf.
Vátryggingafélag Íslands hf.
VBS fjárfestingabanki hf
Veiðikortið
Veitingastaðurinn Kringlukráin – Þríund ehf.
Verkfræðistofan Afl ehf.
Verkfræðistofan LH–tækni ehf.
Vernd
Verslun Þorsteins Bergmann ehf.
Verslunartækni ehf.
Verslunin Fríða frænka ehf.
Verslunin Storkurinn
Verzlunarskóli Íslands
Verzlunarskóli Íslands v/bókasafns
Vélaborg ehf.
Vélar ehf.
Vélar og skip ehf.
Vélar og verkfæri ehf.
Vélaverkstæðið Kistufell
Vélsmiðja Einars Guðbrandssonar
Vélvík ehf.
VGK – Verkfræðistofa
Við og Við sf.
Viðlagatrygging Íslands
Vinnumálastofnun
Vital ehf.
Vífilfell hf.
Vínbarinn
VR
VSÓ ráðgjöf ehf.
Þingvallaleið hf.
Þvottahús A. Smith ehf.
Þýðingaþjónusta Boga Arnars
Ökukennsla Eyvindar í Hveragerði

Seltjarnarnes
Bílaverkstæði Ella
Falleg Gólf ehf.
Gistiheimilið Aurora
Hárgreiðslustofan Salon – Nes
Lög og réttur ehf.
Seltjarnarneskaupstaður
Seltjarnarneskirkja
Verkfræðistofan Önn ehf.
Vélaviðgerðir ehf.
Vökvatæki ehf.

Vogar
Hársnyrtistofa Hrannar
Nesbúegg ehf
V.P. Vélaverkstæðið ehf.

Kópavogur
Aalborg Portland á Íslandi hf.
Alark arkitektar
Á. Guðmundsson ehf.
Barki ehf.
Bifreiðastillingin ehf.
Bifreiðaverkstæðið Toppur
Bílaklæðningar ehf.
Bílalakk ehf.
Bílamarkaðurinn
Bílamálunin Bliki ehf.
Bílaverkstæði Bubba sf.
Bílaverkstæðið Skúffan ehf
Bíltækni bifreiðarviðgerðir hf.
Bílvogur ehf.
Björg Traustadóttir
Blikkarinn hf.
Blikksmiðja Einars ehf.
Blikksmiðjan Vík ehf.
Bókasafn Kópavogs
Byggðaþjónustan, bókhald og ráðgjöf
Byggingarfélagið Aspir ehf.
DATEK–ÍSLAND ehf.
Debenhams Smáralind
DK Hugbúnaður
Eggja- og kjúklingabúiið Hvammi
Fagtækni ehf.
Feim sf. – Lene Bjerre
Ferðafélagar ehf.
Félagsþjónusta Kópavogs
Flutningur.is

ICELANDAIR
Hertz Bílaleiga
mjólk er góð

Þrjár vikur urðu að fjórum mánuðum

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson

„Ég átti einn mánuð eftir af meðgöngunni þegar ég fór í aukalega sónarskoðun í Keflavík af því okkur langaði til að vita um kynið. Þar var stödd ljósmóðir frá Landsspítalanum og hún taldi sig greina að eitthvað væri að fóstrinu og hvatti okkur til að fara til Reykjavíkur í nánari skoðun.“

Þetta var í júlímánuði á síðasta ári og þannig hófst þrautaganga ungra hjóna frá Grindavík, Hjördísar Gísladóttur og Birkis Freys Hrafnssonar, með hjartveikt barn. Fyrir áttu þau rúmlega eins árs gamla dóttur, Söndru Dögg.

„Læknarnir á Landsspítalanum sáu strax að fóstrið var með alvarlegan hjartagalla,“ heldur Hjördís áfram. „Sjálfsagt hefði ekkert komið fyrir, en þetta var gott að því leyti að þá vorum við undirbúin og náðum að lesa okkur til fyrir fæðinguna. Sjálfsagt hefði sjokkið orðið meira ef við hefðum fyrst vitað um þetta eftir fæðinguna.“

Sérkennileg grátköst

- En þetta hlýtur þó að hafa verið mikið áfall fyrir ykkur foreldrana?

„Já, okkur leið ekki vel. Læknarnir voru mjög raunsæir og vildu hvorki vera of bjartsýnir eða of svartsýnir, en sögðu okkur við hverju við mættum búast.“

- Og við hverju máttuð þið búast?

„Þeir töldu að við yrðum að fara út til Boston strax eftir fæðinguna. En fæðingin sjálf gekk mjög vel og eðlilega fyrir sig. Þetta var stelpa og við gáfum henni nafnið Emelía Björk. Ég fékk að halda á henni í nokkrar mínútur eftir fæðinguna en svo var farið með hana upp á vökudeild. Það var vissulega leiðinlegt og við þurftum svo að fara þangað til hennar, þar sem hún var öll tengd við tæki og með nálar í sér og svona.

Emelía var á vökudeildinni í þrjár vikur, þá fengum við að fara með hana heim og hún fékk heimahjúkrun. Það gekk í sjálfu sér vel, en hún mátti aldrei reyna neitt á sig, til dæmis blánaði hún öll upp ef hún grét. Svo var hún farin að taka mjög sérkennileg grátköst. Hún byrjaði að gráta, fann til sársauka við það og fékk lítið súrefni en það mun vera mjög sárt, sem varð til þess að hún grét enn meira og þannig magnaðist þetta uns hún lognaðist hreinlega út af og sofnaði. Þetta var alveg hræðilegt. Læknirinn sem kunni best á hana var staddur í útlöndum og þegar hann kom heim hringdi ég í hann og sagði honum frá þessum köstum. Hann sagði okkur að koma strax með hana á spítalann og hún var lögð inn. Þetta var í lok nóvember, hún orðin tæplega þriggja mánaða, og við flugum út til Boston 1. desember.“

- Af hverju fóruð þið ekki fyrr út?

„Það var talið betra fyrir hana að vera orðin stærri og sterkari fyrir aðgerðina. Og það eiginlega bjargaði henni. Okkur var sagt að best væri að hún hefði náð sex kílóum í þyngd og þarna var hún nákvæmlega sex kíló og níutíuogþrjú grömm. En við hjónin fórum semsé út með henni 1. desember og skildum eldri dóttur okkar eftir heima. Við bjuggumst við að verða tvær til þrjár vikur, það var sá tími sem við höfðum heyrt að aðrir hefðu yfirleitt verið, og að við yrðum því komin aftur heim fyrir jólin. En annað átti eftir að koma á daginn, því við komum ekki aftur fyrr en eftir fjóra mánuði.“

- Hvernig stóð á því?

„Hún var svo veik, fór á þessu tímabili í þrjár hjartaaðgerðir, tvær magaaðgerðir og hún þurfti þrisvar sinnum að fara í svokallaða ecmo-vél, sem sá um að dæla fyrir hjartað. Fyrsta hjartaaðgerðin var gerð tæpri viku eftir að við komum út. Hún tók tólf klukkutíma. Við sváfum svo inni hjá henni um nóttina og vöknuðum allt í einu við að herbergið var fullt af læknum og hjúkrunarliði og okkur var sagt að fara fram. Þá var hún bara að deyja og var sett í þessa ecmo-vél sem bjargaði lífi hennar.“

Á sjúkrahúsinu í Boston. „Við ætluðum

Microsoft®
samskip

Skiptumst á að vera sterk

- Þetta hefur verið erfið stund fyrir ykkur?

„Ég varð reyndar mjög sterk á þessu augnabliki, en pabbi hennar fór að gráta. Og þegar litið er til baka yfir allan þennan tíma er það svo sérstakt að við skiptumst á að vera sterk og gráta. Þegar ég grét var hann sterkur og öfugt. Annars vorum við einhvern veginn alltaf mjög vongóð um að þetta færi vel að lokum. Við ætluðum okkur að fara með hana aftur heim á lífi og við gerðum það."

- Hvaða meðfæddi hjartagalli var að hrjá Emilíu?

„Margir foreldrar eru með ensku hugtökin á hreinu, en það á ekki við um mig. Ég veit bara að það vantaði öll skilrúm sem mynda hjartahólfin, og æðarnir í hjartanu voru á víxl. Lungnaslagæðin var minni og einnig var eitthvað að hjartalokunum. Þetta vissum við fyrir, en þegar hún var opnuð í aðgerðinni reyndist ástandið vera alvarlegra en læknarnir höfðu haldið. En það var reynt að laga allt í fyrstu aðgerðinni, reynt að gera hjartað fullkomið. Það gekk þó ekki eftir og hún var því mjög veik áfram."

- Hvað tók svo við?

„Emilía fór í aðra aðgerð, þar sem reynt var að búa til gat á milli hólfa af því hún réði ekki við blóðstreymið, laga lokur og eitthvað fleira. Læknarnir voru þá farnir að tala um b-plan, eða svokallaða glen-aðgerð, sem var síðan framkvæmd í þriðju aðgerðinni. Ég ætla þó ekki að reyna að lýsa hér í smáatriðum hvað hún gengur út á, en í stuttu máli felst hún í því að stýra blóðflæðinu þannig að hjartahólfin verið fyrir sem minnstu álagi. Þau eru enn að stækka og núna er talað um að við förum kannski aftur út á næsta ári í aðgerð þar sem blóðflæðinu yrði aftur beint í eðlilegt horf.

En það situr enn í manni allt það sem kom fyrir á þessum fjórum mánuðum. Það var eins og allt gengi á afturfótunum, því eftir þriðju aðgerðina þurfti hún að fara í magaaðgerð. Hún átti líka að fá sondu, eða matinn í gegnum leiðslu á maganum, af því það var svo mikið um að græjum væri troðið niður í hálsinn á henni, til dæmis þegar hún var sett í öndunarvél. Hún fór sem sé í þessa aðgerð og það gekk vel var okkur sagt. Við hjónin fórum svo að sofa á hótelinu þar sem við dvöldumst, en morguninn eftir var hringt í okkur og við fengum að vita að gleymst hafði að lagfæra þarmana og ristilinn eins og til stóð að gera einnig í þessarri aðgerð. Emilía þyrfti því að fara aftur undir hnífinn til að græja það dæmi. Það varð heilmikið uppistand út af þessu, svona lagað á ekki að gerast, enda þýðir þetta svo mikið álag á barnið, aðra sveifingu, annan skurð og svo framvegis. Í framhaldi af þessu kom svo sýking í skurðinn og það var sem sé eins og allt gengi á afturfótunum."

m okkur að fara með hana aftur heim á lífi og við gerðum það."

Óvæntir fagnaðarfundir

– Það hlýtur að hafa sett allt líf ykkar úr skorðum hvað dvölin ytra dróst á langinn?

„Já, það gerði það. Við hjónin vorum bæði úti allan tímann, Emilía var svo veik að hvorugt okkar vildi víkja frá henni. Okkur þótti þetta aðallega slæmt fyrir eldri dóttur okkar, Söndru, sem er tæplega einu og hálfu ári eldri en Emilía. Svo var það einn daginn í lok janúar, að við vorum að labba gegnum anddyrið á spítalanum. Við höfðum þá ekki séð Söndru í tvo mánuði. Mér varð litið í áttina að afgreiðsluborðinu og sá þá konu sem ég kannaðist svo rosalega vel við. Þetta var engin önnur en mamma mín og við borð skammt frá henni sat Sandra. Mömmu hafði langað til að koma okkur svona skemmtilega á óvart með því að mæta með dóttur okkar út án þess að við hefðum hugmynd um að þær væru á leiðinni. Þarna urðu auðvitað miklir fagnaðarfundir. Þær voru hjá okkur í viku. Svo kom Sandra aftur út til okkar mánuði seinna með pabba mínum. Það var rétt áður en hún átti afmæli 2. mars og hún var svo hjá okkur þangað til við fórum heim til Íslands í lok þess mánaðar."

- Þetta hefur þá slegið á heimþrá ykkar hjónanna?

„Já, okkur þótti við vera í alltof miklum fjarvistum við hana. Annars vorum við ekki haldin svo mikilli heimþrá. Við vorum bæði fljót að aðlagast aðstæðunum í Boston og líka alltaf á leiðinni heim, það kom

Lyf&heilsa

sparon
www.sparon.is

Fjölskyldan í Grindavík: Hjördís Gísladóttir, Emelía Björk, Sandra Dögg og Birkir Freyr-Hrafnsson.

bara alltaf eitthvað nýtt upp á sem frestaði förinni. Við vorum alltaf í miklu sambandi við fólkið heima. Ég skrifaði eitthvað á hverjum degi inn á bloggsíðuna barnaland.is um hvað væri að gerast. Ég var aðallega að hugsa um allt fólkið heima sem vildi fylgjast með gengi Emelíu. Það voru svo margir með okkur í þessu og fóru mörgum sinnum á dag inn á síðuna til að tékka á nýjustu fréttum. Og það fyrsta sem ég gerði á morgnana var að kíkja á hana og taka við kveðjum og fréttum að heiman. Svo fengum við sem sé fólk í heimsókn frá Íslandi, mamma og pabbi Birkis komu tvisvar, mamma mín tvisvar, pabbi og bróðir minn einu sinni."

Góður stuðningur

- Hvernig áhrif hafði þetta á fjármál ykkar? Fenguð þið styrk frá Neistanum?

„Við fengum styrk frá Neistanum þegar við komum heim og aftur nú fyrir skömmu. En við komum ekkert voðalega illa út úr þessu. Við fengum dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins. Vinnuveitendur Birkis hjá Fiskmarkaði Suðurnesja í Grindavík studdu einnig mjög vel við bakið á okkur, greiddu honum laun þann tíma sem hann var úti og voru frábærir í alla staði. Ég fékk líka fæðingarorlof á þessum tíma."

- Hvernig kynntust þið Neistanum?

„Þegar við höfðum fengið að vita að væntanlegt barn okkar væri með hjartagalla ráðlagði Bára hjúkrunarfræðingur á hjartadeildinni okkur að tala við aðra foreldra sem hefðu reynslu af því sem við værum að fara í gegnum. Ég hringdi í Þórdísi Elínu Kristinsdóttur (sjá viðtal við Þórdísi í síðasta tbl. Neistans, aths. ritstj.) og við Birkir fórum að hitta hana. Þórdís sagði okkur frá sinni reynslu og kynnti okkur fyrir Neistanum, en þá var hún gjaldkeri félagsins. Í framhaldi af því lásum við okkur til og ræddum við marga aðra foreldra. Það gerði okkur miklu rólegri yfir þessu öllu saman, þrátt fyrir að hafa verið sagt að okkar barn væri með mjög erfiðan hjartagalla."

- Og hvernig er staðan hjá ykkur núna?

„Við þurftum eiginlega að kenna Emelíu að borða, hún var mjög fælin þegar matur var borinn að munni hennar eftir allar aðgerðirnar. Hún er nýfarin að geta drukkið af pela, en fær enn sondu á næturnar. Mér finnst hún hafa tekið miklum framförum á stuttum tíma. Þegar við komum frá Boston var hún lögð inn á barnadeildina og losnaði þaðan í lok júlí. Þá komumst við loks heim aftur, eftir næstum átta mánaða sjúkrahúsvist.

En Emelía er mjög viðkvæm og nokkru eftir að við komum heim veiktist hún, fékk mikla magakrampa og átti erfitt með að anda. Þá hringdi ég strax á sjúkrabíl og það var brunað með okkur til Reykjavíkur. Þetta var bara einhver flensa en hún þoldi hana svona illa. Ofnæmiskerfið er svo veikt. Hins vegar er hún núna öll að braggast, hefur til dæmis náð að þyngjast og það er talað um að við förum aftur út í framhaldsaðgerðina einhvern tíma á næsta ári. Við getum þó aldrei áætlað neitt nákvæmlega, hlutirnir breytast svo fljótt og við höfum lært að taka bara því sem að höndum ber hverju sinni."

- Hvaða áhrif hefur þessi reynsla haft á þig?

„Ég hef komið sjálfri mér talsvert á óvart. Ég var til dæmis áður mjög viðkvæm gagnvart því að sjá blóð og hræddist sjúkdóma. En þegar á reyndi þá varð ég mjög sterk, sjálfsagt af því ég þurfti hreinlega að vera það. Við hjónin vorum alltaf mjög bjartsýn og mikið í því að róa aðra niður, ættingja okkar og vini. Okkur var svo sagt að við gætum búist við að fá spennufall eða eftirsjokk þegar við kæmum loksins heim, en það hefur ekki gerst. Auðvitað situr enn í okkur hvað það munaði litlu að hún dæi, en við erum sannfærð um að það versta sé að baki og að Emelía Björk muni ná sér að fullu og eigi góða framtíð í vændum."

Sætar systur: Sandra Dögg og Emelía Björk.

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Kópavogur
Gistiheimilið BB 44
GK heildverslun ehf.
Goddi ehf.
Goldfinger
Gróðrastöðin Storð
Hagblikk ehf.
Hárgreiðslustofan Delila og Samson sf.
Hefilverk sf.
HK
Innviðir –Valdberg ehf.
Ísfiskur ehf.
Ísform sf.
Íslandsbanki hf.
Íslandsspil sf.
Íslenzka verslunarfélagið ehf.
J.S. Veitingar ehf
Jarðkraftur ehf.
Jarðvélar ehf
Járnsmiðja Óðins ehf.
KB ráðgjöf
Kjarnagluggar sf.
Kranaverk ehf.
Kynnisferðir
Lakkskemman ehf.
Lindaskóli
Línkur ehf.
Ljósvakinn ehf.
Lyfja hf.
Marás vélar ehf.
Markholt ehf.
Natuzzi store, húsgagnaverslun
Nýblóm ehf.
Nýiðn/Harðkornadekk hf.
Persía
Pétur Stefánsson ehf.
Pílutjöld ehf.
Plastlagnir hf.
Point á Íslandi ehf.
Pottagaldrar Mannrækt í matargerð
Prentsmiðjan Viðey ehf.
Prenttækni hf.
Protak ehf.
Rafbreidd ehf.
Rafgjafinn ehf.
Rafmiðlun ehf.
Rafvirkni ehf.
Rafvörur ehf.
Retis ehf.
Reynir bakari ehf.
Réttir bílar ehf.
S. Guðjónsson ehf.
Salaskóli
Sérverk ehf.
Sjúkranuddstofa Silju
Smári söluturn
Smurstöðin Stórahjalla ehf.
Snyrtistofan Jóna
Snælandsskóli
Stigalagerinn ehf.
Stjörnublikk hf.
Svans–prent hf.
Söluturninn Rebbi
Tannlækningastofa Þóris Gíslasonar
Timbur og stál hf.
Tinna ehf.
Tréfag ehf.
Trésmiðja Jóns Gíslasonar
Uppdæling ehf.
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar sf.
Verkfræðistofa Erlends Birgissonar
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf.
Verktakar Magni ehf.
Vélsmiðjan Gneisti hf. vélsmiðja
Vídd ehf.
www.mannval.is
Ýmus hf. heildverslun
Þakpappaþjónustan ehf.
Ægir Fr. Sigurgeirsson
Öreind sf.
Örlygur Kristmundsson ehf.

Garðabær
10–11/Hraðkaup
Andromeda
Arctic Trading Company
Árvík hf.
B.B. skilti
Bókasafn Garðabæjar
Dótabúðin ehf. Kringlunni og Smáralind
Dráttarbílar
Fjölbrautaskólinn Garðabæ v/Bókasafns
Garðabær
Garðasókn – Vídalínskirkja
GP. Arkitektar ehf.
Hannyrðabúðin
Héðinn Schindler lyftur hf.
Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Kjarnavörur hf.
Klinisk tannsmiðja Kolbrúnar
Kökubankinn
Loftorka ehf.
Rafal ehf.
Raflagna- og dyrasímaþjónustan
Skermagerð Berthu
Studióbílar ehf.
Tannlæknastofa Engilberts Snorrasonar
Teiknistofa Eddu Ríkharðsdóttur
Timburhús hf.
Würth á Íslandi hf.
Yggdrasill ehf.

Hafnarfjörður
Augsýn hf.
Á. Hallbertsson ehf.
Ás – fasteignasala ehf.
Barkasuða Guðmundar ehf.
Bátasmiðja Guðmundar
Bifreiðasmiðjan Runó ehf.
Blátún ehf.
Blómabúðin Burkni ehf.
Bónusvideo ehf.
Byggingafélagið Sandfell ehf
Bæjarbakarí ehf.
Dalakofinn sf. – Firði
E.S. vinnuvélar ehf.
Eiríkur og Einar Valur hf.
Elding hvalaskoðun
Fasteignasalan Hraunhamar ehf.
Feðgar ehf. – Byggingaverktakar
Fínpússning ehf.
Fjarðarbakarí ehf.
Fjarðargrjót ehf.
Fjarðarkaup ehf.
Flotgólf
Fókus – Vel að merkja ehf.
Fura ehf.
G. Leifsson ehf.
G.P. Húsgögn ehf.
Garðyrkja ehf.
H. Jacobsen ehf.
Hafnarfjarðarleikhúsið –Hermóður og Háðvör
Hagstál ehf.
Halldór Gíslason verktaki
Hampiðjan hf.
Hárgreiðslustofan Hárstíll
Hárgreiðslustofan Lína lokkafína sf.
Hársnyrtistofan Hár
Hársnyrtistofan Pyrana
Heiðar Jónsson, járnsmíði
Heilsubúðin sf.
Hlaðbær Colas hf.
Holtanesti
Hópbílar hf.
Hrafna–Flóki ehf.
Hrafnistuheimilin
IV ehf. Iðnaðarvörur og vélar
Ís–rör ehf.
Jeppahlutir 4X4 ehf.
Jóhann Helgi og Co. ehf.
Kambur ehf. – Bygingafélag
Kerfi ehf.
KM Byggingar
Lögfræðistofa Hafnarfjarðar
Málmsteypan Hella hf.
Nes hf. – Skipafélag
Nýja fatahreinsunin
Pétur O. Nikulásson ehf.
Pústþjónusta B.J.B. ehf.
Rafgeymasalan ehf.
RB Rúm ehf.
Rótor ehf.
S.J. Trésmiðja ehf.
Skörungar ehf.
Spennubreytar
Stigamaðurinn ehf.
Stímir hf. Garðabæ
Stýrisvélaþjónustan ehf
Suðurverk hf.
Tannlækningastofa Harðar V. Sigmarssonar sf.
Tímaritið Lifandi Vísindi – EG miðlun ehf.
Veitingahúsið Austurvöllur
Veitingastofan Kænan ehf.
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verkþjónusta Kristjans
Vélsmiðja Guðmundar
Vélsmiðja Konnráðs Jónssonar ehf.
Vélsmiðjan Kofri
Viðhald og nýsmíði hf.
Viking björgunarbúnaður
VSB verkfræðistofa
Vörubílastöð Hafnarfjarðar ehf.
Zinkstöðin – Stekkur ehf.

Álftanes
Álftanesskóli
Náttúruleikskólinn Krakkakot
Sveitarfélagið Álftanes

Keflavík
Bílasprautun Suðurnesja hf.
Bókasafn Reykjanesbæjar
Bústoð ehf.
DMM Lausnir ehf
Efnalaug Suðurnesja – BK hreinsun ehf.
Eignarhaldsfélagið Áfangar ehf.
Fagtré ehf.
Fasteignasalan Ásberg.
Félag eldri borgara á Suðurnesjum
Firmex/Alex ehf. – Keflavík
Fjölbrautaskóli Suðurnesja v/ Bókasafns
Geimsteinn ehf.
Happasæll ehf.
Hárgreiðslustofa Guðlaugar Jóhannsdóttur
Hárgreiðslustofa Önnu Steinu
Húsagerðin ehf.
Húsanes ehf.
Hylling ehf. v/Tískuverslunin Brim
Iðnsveinafélag Suðurnesja
Ísfoss ehf
Íslandsmarkaður hf.
Íslenska félagið ehf. / Ice group. ltd.
K– sport
Kaffi Duus ehf.
Langbest
Moby Dick
Plastgerð Suðurnesja ehf.
Pylsuvagninn Tjarnargötu
Rafeindatækni sf.
Rafiðn ehf.
Reykjanesbær
RV ráðgjöf
S.Þ. Smiðjan ehf.
Samhæfni – Tæknilausnir ehf
Samkaup hf.
Sálarrannsóknarfélag Suðurnesja
Skipting ehf.
Sparisjóðurinn í Keflavík
Tannlæknastofa Einars Magnússonar
Trésmíðaverkstæði Stefáns og Ara sf.
Triton sf. – Tannsmíðastofa
Útfararþjónusta Suðurnesja
Varmamót ehf.
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Viðar Jónsson ehf.

Keflavíkurflugvöllur
Flugþjónustan, Keflavíkurflugvelli
Suðurflug ehf.

Grindavík
Aðal–Braut ehf.
Grindin ehf.
Hérastubbur ehf.
Selháls ehf.
Stakkavík ehf.
Vísir hf.
Þorbjörn hf.

Sandgerði
Krass ehf.
Nesmúr sf
Púlsinn námskeið – www.pulsinn.is
Sandgerðisbær
Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis

Reykjavíkurborg

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

Norrænu sumarbúðirnar: Fjör á finnsku ævintýraeynni

Síðustu vikuna í júlí síðastliðnum héldu hjartastrákarnir Aron Ingi Sigurðssonson og Birkir Árnason, báðir fjórtán ára, í boði Neistans í Norrænu sumarbúðirnar, sem að þessu sinni voru haldnar á Ævintýraeynni (Seikkailusari) við Emäsalo í Finnlandi. Fararstjóri þeirra var Árni Magnús Ragnars, en þetta var í fyrsta sinn að Íslendingar tóku þátt í sumarbúðunum sem eru sérstaklega skipulagðar fyrir hjartveik börn og unglinga.

Er skemmst frá því að segja að ferðin var sannkallað ævintýri frá upphafi til enda og miklu skemmtilegri en þeir félagar höfðu búist við. Ekki skemmdi fyrir að það var 35 stiga hiti og sólskin nánast allan tímann.

Og það var aldrei dauð stund. Dagurinn hófst ávallt með góðum morgunverði og svo tók við stíf dagsskrá langt fram á kvöld. Farið var í skoðunarferðir um nágrennið. Einn daginn í sundlaugargarð, þar sem voru margar skemmtilegar vatnsrennibrautir. Annan dag var heimsókn til höfuðborginnar, Helsinki, þar sem meðal annars var skroppið í verslunarmiðstöð. Þriðja daginn var siglt til nærliggjandi bæjar.

Í sumarbúðunum sjálfum var margs konar afþreying í boði. Axarkast, bogfimi, ratleikir, „paint-ball“ (sem strákunum þótti með því skemmtilegasta), ekið á fjórhjóli, farið í heita potta, finnskt gufubað og margt fleira.

Eftir kvöldmat var yfirleitt farið í fótbolta í nokkra klukkutíma, sem var vinsælasta sportið þarna. Svo var á svæðinu stórt indjánatjald þar sem kveiktur var bálköstur og grillaðir sykurpúðar og pulsur fyrir nóttina, og haldið diskótek síðasta kvöldið. Það var því oftast var farið seint að sofa, jafnvel löngu eftir miðnætti, og því iðulega erfitt að fara á fætur í morgunmatinn sem hófst stundvíslega klukkan átta.

Aron og Birkir kynntust mörgum krökkum í búðunum og töluðu við þá á „lélegri ensku“, enda hafði verið greint frá því í kynningarbæklingnum að aðaltungumálið þarna væri „bad english“. Og þeim þótti mikið gildi fólgið í því að fá að hitta krakka frá öðrum löndum sem höfðu farið í gegnum svipaða hluti og þeir sjálfir.

Norrænu sumarbúðirnar eru haldnar einu sinni á hverju ári og þær flytjast á milli landa. Á næsta ári verða þær í Svíþjóð, þar næsta í Noregi og vonandi síðan á Íslandi, enda kom í ljós að alla langaði mjög til að komast hingað, og hringnum verður síðan lokað í Danmörku, áður en hann hefst aftur í Finnlandi. Birkir og Aron stefna að því að fara aftur á næsta ári, enda er reglan sú að hver krakki fái að fara einu sinni allan hringinn og aðrir taki svo við.

Mikilvægast fyrir Aron og Birki var ef til vill að þeir kynntust sjálfir fyrst í ferðinni og eru orðnir miklir vinir í framhaldi af henni. Þeir vilja að lokum koma á framfæri kærum þökkum til Neistans fyrir að hafa boðið þeim í þetta frábæra ferðalag.

Ég fylgi hjartanu.....

Þessir myndar piltar færðu okkur á dögunum 54.000 krónur sem var afrakstur þeirra af sölu stuttermabola. Þeim hafði áskotnast bolir sem á stóð: Ég fylgi hjartanu – og þótti upplagt að selja þá og láta ágóðann renna til hjartveikra barna. Við þökkum þeim fyrir – hjartanlega.

Benedikt, Andri Steinn, Mímir og Guðrún Bergmann

World Class

Logaland
Lækningatæki

Hátíð í Heiðmörk

Sumarhátíð Neistans var haldin í Heiðmörk sunnudaginn 23. júlí síðastliðinn, frá klukkan 13:00 til 16:00.

Þar var dúndurfjör og gleði. Við vorum með tvo hoppukastala, grilluðum pylsur og Sproti frá Landsbankanum mætti á svæðið með gjafir til krakkanna. Eins og svo oft áður vorum við rausnarlega styrkt af Breiðholtsbakarí og Vífilfelli, og kunnum þeim miklar þakkir fyrir.

Mætingin var mjög góð og allir skemmtu sér vel. Ekki skemmdi heldur fyrir að veðrið var eins og best var á kosið. Við stefnum að því að hafa svipað snið á þessu á næsta ári, enda var fólk sammála um að þetta væri frábær staður fyrir sumarhátíð.

LÖGMENN HÖFÐABAKKA

HÖFÐABAKKI 9 · G. HÆÐ · 110 REYKJAVÍK · SÍMI 587 1286 · FAX 587 1247 · logmenn@justice.is · http://www.justice.is

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Garður
Bifreiðaverkstæði Sigurðar Guðmundssonar
Raftýran sf.
Sveitarfélagið Garður
Von ehf.

Njarðvík
ÁÁ Verktakar ehf.
Bílahúsið.is – I.H. söluumboð
Hitaveita Suðurnesja
K.O.M. ehf.
Leikskólinn Gimli
Netaverkstæði Suðurnesja ehf.
Sparri ehf.
Toyota salurinn – Njarðvík

Mosfellsbær
Garðplöntustöðin Gróandi
Hvammsvík ehf.
Ísfugl ehf.
Líkami og sál – Snyrti nudd og fótaaðgerðastofa
Matfugl ehf.
Monique van Oosten
Nýja bílasmiðjan hf
Ó. Steinbergs ehf.
Pizzabær ehf.
Sólbaðsstofa Mosfellsbæjar
Sætak ehf.
Gunnar og Kjartan ehf.
Veiðiland ehf.
Vélsmiðjan Sveinn

Akranes
Akranesdeild Rauða Kross Íslands
B.Ó.B. sf,vinnuvélar
Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf.
Bílaröst ehf.
Fasteignasalan Hákot
Fiskverkun Jóhannesar Ólafssonar
Fjölbrautaskóli Vesturlands v/bókasafns
Galíto
Glugga og Glerhöllin
Halldóra Þórisdóttir
Hárstíll ehf.
Heimagisting Ólínu Jónsdóttur
Hýbýlamálun Garðars Jónssonar ehf
Langisandur ehf.
Markstofa ehf.
Rafnes sf.
Slippfélagið Litaland
Smellinn hf.
Smurstöðin Akranesi sf.
Verkalýðsfélag Akraness
Verslunin Bjarg ehf.
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar
Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf.
Viðskiptaþjónusta Akraness ehf.
Ægir ehf.

Borgarnes
Borgarbyggð
Dvalarheimili aldraðra
Dýralæknaþjónusta Vesturlands ehf.
Ensku húsin, gistiheimili við Langá
Loftorka Borgarnesi ehf.
Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf.
Meðferðarheimilið Blær
PJ byggingar ehf
Ræktunarstöðin Lágafelli
Skorradalshreppur
Sparisjóður Mýrasýslu
Sprautu- og bifreiðaverkstæði Borgarness
Stéttarfélag Vesturlands
Sæmundur Sigmundsson ehf.
Trésmiðja Pálma
Upplýsinga– og kynningarmiðstöð vesturlands
Vatnsverk Guðjón og Árni ehf.
Vegamót – Þjónustumiðstöðin
Vélaverkstæði Kristjáns ehf.
Vélaverkstæðið Vogalæk

Borgarfjarðarsveit
Ferðaþjónusta Bænda Fljótstungu

Stykkishólmur
Dekk og smur ehf.
Helgafellssveit
Málflutningsstofa Snæfellsness ehf.
Sólborg ehf.
Vaktþjónustan Vökustaur ehf.

Flatey á Breiðafirði
Ferðaþjónusta Flateyjar

Grundarfjörður
Berg vélsmiðja ehf.
Krákan ehf.
Verslunin Hamrar ehf.

Ólafsvík
Barnafataverslunin Þóra

Hellissandur
Hjallasandur ehf.
Sjávariðjan Rifi hf.
Snæfellsbær

Búðardalur
Reykhólahreppur

Ísafjörður
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
Gamla bakaríið hf.
Gámaþjónusta Vestfjarða ehf.
Hamraborg ehf.
Ísafjarðarbær
Kjölur ehf.
Kristín Völundardóttir
Lögsýn ehf.
Orkubú Vestfjarða
Ox ehf.
Skipsbækur ehf.
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.

Bolungarvík
Bakkavík hf
Bolungarvíkurkaupstaður
Jakob Valgeir ehf
Sérleyfisferðir
Sparisjóður Bolungarvíkur
Verkalýðs– og sjómanna---félag Bolungarvíkur
Vélvirkinn sf.

Súðavík
Súðavíkurhreppur

Flateyri
Björgunarsveitin Sæbjörg

Patreksfjörður
Fiskvon ehf.
Gistiheimilið Bjarkarholt
Gróðurhúsið í Moshlíð
Hótel Flókalundur
Oddi hf.

Tálknafjörður
Bókhaldsstofan Tálknafirði
Eik ehf. – trésmiðja
Tálknafjarðarhreppur

Þingeyri
Véla- og bílaþjónusta Kristjáns ehf.

Brú
Bæjarhreppur

Hólmavík
Sparisjóður Strandamanna

Norðurfjörður
Árneshreppur

Hvammstangi
Bílagerði ehf.
Brekkulækur – ferðaþjónusta
Heilbrigðisstofnun Hvammstanga
Húnaþing vestra
Sparisjóður Húnaþings og Stranda
Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og Tvídægru

Blönduós
Gistiheimilið Blönduból
Stéttarfélagið Samstaða

Skagaströnd
Marska ehf.
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf.
Skagabyggð
Trésmíðaverkstæði Helga Gunnarssonar
Vélaverkstæði Skagastrandar

Sauðárkrókur
Árskóli
Bókhaldsþjónusta K.O.M. ehf.
Fisk – Seafood hf.
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki
Héraðsbókasafn Skagfirðinga
Kaupfélag Skagfirðinga
Króksverk ehf.
Listkúnst ehf.
RKÍ Skagafjarðardeild
Ræsting og Bón ehf.
Sjávarleður hf.
Steypustöð Skagafjarðar
Stoð ehf. verkfræðistofa
Sveitarfélagið Skagafjörður
Tengill ehf.
Verslun Haraldar Júlíussonar
Verslunarmannafélag Skagfirðinga
Videósport ehf.
Vörumiðlun ehf.

Varmahlíð
Akrahreppur – Skagafirði
Hestasport – Ævintýraferðir ehf.

Siglufjörður
Allinn ehf.– sportbar
Byggingafélagið Berg ehf.

Akureyri
Ásbyrgi – Flóra ehf.
Bakaríið við Brúna
Bautinn
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins hf.
Bifreiðaverkstæðið Baugsbót ehf.
Bókhaldsþjónusta Birgis Marinóssonar
Brim hf.
Brynja ehf.
Eining Iðja
Eldvarnarmiðstöð Norðurlands sf.
Ferðaskrifstofa Akureyrar
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri
Félag verslunar- og skrifstofufólks
Gersemi Þröstur ehf. Bláa kannan
Gistiheimilið Ás
Glófi ehf.
Hafnarsamlag Norðurlands
Halldór Ólafsson, Úr og skartgripir
Hárgreiðslustofan Eva
Hárgreiðslustofan Hártískan
Hlíð hf.
Húsprýði sf.
Höldur ehf. – Bílaleiga Akureyrar
K.B. bólstrun
Kjarnafæði hf.
Lögmannsstofan Lögmannshlíð
Malbikun KM
Miðstöð ehf.
Oddeyrarskóli
Passion ehf.

PÓSTURINN
allur pakkinn

Landsbankinn

Norðurlandaþingið

Eftir Guðrún Bergmann Franzdóttur og Berglindi Sigurðardóttur

Norðurlandaþing félaga hjartveikra barna var haldið í Finnlandi dagana 6. – 8. október síðastliðinn. Fulltrúar Neistans voru Guðrún Bergmann Franzdóttir og Berglind Sigurðardóttir, og fer frásögn þeirra af þinginu hér á eftir.

Þingið hófst á föstudagskvöldinu með því að Katja Laine bauð okkur velkomin. Að þessu sinni var þingið haldið með öðru sniði en venjulega, en þannig var að við vorum keyrð uppí sveit og var þar trékofi svona í stærra lagi og tré allt um kring. Þarna var að sjálfsögðu sauna að hætti Finna en allir voru ánægðir með tilbreytinguna frá hótelinu. Samskiptin urðu mun meiri þar sem allir voru, já, meira og minna saman allan sólarhringinn. Við höfðum ekkert herbergi að flýja í en þetta var mjög fínt.

Við byrjuðum á því að kynna okkur og hvernig við værum viðriðin samtökin. Svo sagði Katja okkur frá Norrænu sumarbúðunum, hvernig hefði gengið og hvað mætti betur fara. Þær gengu í alla staði mjög vel og voru allir mjög ánægðir og sérstaklega með að Ísland skyldi loks hafa tekið þátt. Vonuðust allir til þess að þetta væri byrjunin á áframhaldandi samstarfi. Við fengum að sjá myndir og einnig var farið yfir allt það helsta sem þarna fór fram.

Fyrirlestrar

Á þingið komu nokkrir aðilar og fluttu fyrirlestra. Á laugardagsmorgninum mætti einn af fjórum barnahjartaskurðlæknum þeirra Finna en hann heitir Olli M. Pitkänen. Fjallaði hann um ómun og greiningu hjartagalla á meðgöngu og allt í kringum það. Greining á meðgöngu verður æ algengari og er það þá eftir 24. viku sem hægt er að sjá hjartað almennilega. Ekki er þó hægt að greina alla galla né hversu alvarlegir þeir eru því þegar líður á meðgöngu getur margt breyst. Fjallaði hann einnig um hvernig best væri að tilkynna foreldurum og ættingjum um að barn þeirra væri með hjartagalla og hvað væri framundan. Það var gaman að heyra að læknarnir okkar eru með nákvæmlega sömu aðferð, ef aðferð skyldi kalla, um hvernig best er að koma þessu frá sér og segja foreldrum. Fyrirlestur Olli var mjög áhugaverður og góður.

Svo kom hún Heta Nieminen, sem er bæði læknir og GUCH sem þýðir að hún er manneskja með hjartagalla eldri en 18 ára. Hún flutti fyrirlestur um GUCH-eftirfylgni og hversu duglegt fólk væri að mæta reglulega í hjartaskoðun, hvort sem það ætti að mæta á mánaðarfresti eða tveggja ára fresti. Það er greinilega ekki fylgst nógu vel með því í Finnlandi og voru margir sem áttu að vera löngu búnir að fara í skoðanir. Til stendur að bæta úr því. Heta hafði einnig gert rannsókn um GUCH og er aldurinn alltaf að hækka og einstaklingum að fjölga, sem sýnir fyrst og fremst hvað greiningartæknin er orðin góð. Það var alveg sama hvaða galla hún tók fyrir, lífslíkur eru í öllum tilfellum meiri en fyrir 10-20 árum. Það var mjög gaman að fylgjast með Hetu og fá að heyra svona góðar niðurstöður.

Finnland

Katja og Katja töluðu um að þau væru nýfarin af stað með herferð til að ná til GUCH-einstaklinga, þ.e.a.s. fólks með hjartagalla 18 ára og eldri. Einnig er hafin herferð varðandi fjáröflun og gengur byrjunin vel. Finnar hafa einnig gefið út alveg helling af bæklingum og bókum. Verið að vinna í heimasíðunni sinni, gera hana betri og aðgengilegri og auka upplýsingar á ensku og eru þau einnig að setja inn á síðuna sína reynslusögur.

Í Finnlandi búa 5.2 milljónir manna, og þar eru 3000 GUCH og 4000 hjartabörn en aðeins 400 GUCH eru skráðir félagsmenn svo það er meginmarkmið herferðarinnar að ná til hinna. Í finnsku stjórninni eru alltaf þrír GUCH-eintaklingar en alls skipa hana ellefu manns. Þeim finnst mjög gott að hafa GUCH í stjórn því þeir koma með aðrar hugmyndir, enda með önnur sjónarhorn og benda foreldrum á hvað þeim fannst skemmtilegt eða leiðinlegt er þeir voru yngri.

Danmörk

Christian og Leif fóru yfir bæklingana sem dönsku samtökin hafa verið að gefa út undanfarin ár og ræddu hvaða bæklingar hefðu skilað árangri og vakið áhuga fólks. Einnig eru þau að framleiða nýjan bækling eða bók fyrir fólk sem er á leið með barn sitt í aðgerð. Þar er meðal annars að finna upplýsingar um flesta hjartagalla og það sem fer fram á undan og eftir aðgerð. Líkt og aðrir eiga Danir í basli með að afla peninga og eru að leita nýrra fjármögnunarleiða.



2006

Noregur

Vibeke, Leif og Tove ræddu um heimasíðuna þeirra, sem er alveg ný. Hún er mjög góð og með fullt af nýjum tenglum, til dæmis inn á flesta bæklinga og svo er þar að finna margar reynslusögur. Þau voru mjög stolt af síðu sinni og blaðinu sínu. Það kemur út fjórum sinnum á ári og í hverju blaði er tekið fyrir ákveðið þema. Í nýjasta blaðinu er hreyfing aðalþemað. Þau voru líka að gefa út nýjan bækling um tannheilsu hjartveikra barna. Einnig voru þau að gefa út dagatal í tilefni af 30 ára afmæli sínu. Það er rosalega fallegt, frægur ljósmyndari í Noregi tók myndir af börnum og fólki með hjartagalla fyrir hvern mánuð á dagatalinu, sem kostar 1800 íslenskar krónur og gengur salan vel.

Ísland

Guðrún Bergmann og Berglind fóru yfir það sem Neistinn hafði verið að sýsla síðasta árið og nefndu að Landsbankinn hefði farið af stað með frábært verkefni sem heitir „Leggðu góðu málefni lið“ þar sem fólk getur valið sér málefni til að styrkja. Þær sögðu einnig frá hvernig þetta hefði tengst fótboltanum og að Neistinn hefði verið fyrstu samtökin sem fengu ákveðna upphæð fyrir hvert skorað mark í Landsbankadeildinni. Þær fjölluðu einnig um bæklinginn sem er í vinnslu, en hann er svipaður og bæklingurinn hjá Dönunum og tekur fyrir flesta hjartagalla. Svo sögðu þær frá því að krakkarnir okkar hefðu skemmt sér mjög vel í Nordic Camp 2006 og að við vonumst til að senda þangað árlega krakka frá okkur. Loks tilkynntu Guðrún og Berglind að Norðurlandaþingið árið 2007 yrði haldið á Íslandi.

Svíþjóð

Peter og Göran töluðu meira og minna um GUCH og að þeir hefðu ekki í hyggju að tengjast samtökunum fyrir yngri börnin heldur halda þessu alveg sér. Þeir styðja þó vel við bakið á þeim og aðstoða. Það eru 200 GUCH-félagar þar í landi og var Peter ásamt fleirum í Evrópu að stofna regnhlífasamtök sem flest evrópulöndin eiga aðild að og er mikil vinna fólgin í því að skipuleggja þetta.

Þeir eru að minnka bæklingaflóðið og gáfu enga bæklinga út í ár. Jafnframt eru þeir að setja alla bæklingana inn á heimasíðuna sína en þetta er í prufureynslu hjá þeim. Svo kynntu þeir einnig sumarbúðir næsta árs en þær verða í Svíþjóð. Þeir kynntu kostnaðaráætlunina og leist engum á hana, svo þeir ætla að athuga með annan og ódýrari stað.

Þátttakendur á verönd bjálkakofans skemmtilega þar sem þingið var haldið.

Þátttakendur á þinginu í ár voru:

Finnland: Katja Laine, Katja Sahla, Mikko Niipala og Reetta Santapukki.
Danmörk: Christian Louby og Leif Nielsen.
Noregur: Vibeke Johnstone, Tove Larsen og Leif Tore Lorentzen.
Ísland: Guðrún Bergmann Franzdóttir og Berglind Sigurðardóttir.
Svíþjóð: Peter Nordqvist og Göran Engborg.

Eirberg
www.eirberg.is

HJARTAVERND

Drangey

prentmet
HRAÐÞJÓNUSTA
spennandi valkostur á íslenskum prentmarkaði

Aðstæður hjartveikra barna í Helsinki

Eftir að við vorum búnar að vera á norræna þinginu bauð Katja Laine, sem er markaðsstjóri og ritstjóri finnsku samtakanna og einnig móðir hjartveiks barns, okkur að skoða spítalann í Helsinki. Þetta er eina sjúkrahúsið í Finnlandi þar sem framkvæmdar eru hjartaaðgerðir.

Katja var búin að segja okkur að sjúkrahúsbyggingin væri friðuð svo ef þau langar eða þurfa að breyta einhverju verður að sækja um leyfi fyrir einu og öllu, og ekki mun vera auðvelt að fá slíkt leyfi. Í andyri sjúkrahússins sáum við strax að þetta var mjög gamaldags, og já, við trúðum því varla að þetta væri aðalinngangurinn fyrr en Katja staðfesti það. Þarna voru samt mjög skemmtilegar myndir af Múmínálfunum sem lífguðu upp á umhverfið, svo þau fengu greinilega leyfi til að fríkka aðeins veggina hjá sér.

Hjartadeildin

Við fengum að líta á hjartadeildina og fórum fyrst inn á almennu deildina. Byrjuðum á að kíkja inn í foreldraherbergið sem var frekar lítið að okkar mati. Þar sátu á spjalli þrjár finnskar mömmur sem áttu hjartabörn, en vikulega koma þangað yfirleitt tvær hjartamömmur eða -pabbar og eru til viðtals og stuðnings fyrir foreldra sem eru með börn sín á spítalanum. Við hittum þarna móður sem hafði verið með barn sitt í aðgerð fyrir fimm dögum. Hún bauð okkur að kíkja á barnið sitt, sem var átta mánaða gömul stelpa og heitir Milena. Hún er búin að fara í tvær hjartaaðgerðir og á eina aðgerð eftir.

Okkur var nokkuð brugðið við að sjá herbergið, því það var í minni kantinum og þar áttu tvo hjartabörn að vera. Ekki var gert ráð fyrir neinu öðru þarna inni, nema kannski tveimur stólum, svo að foreldrarnir gistu ekki hjá börnunum sínum þarna á almennu deildinni. Það fór ekki vel í íslensku mömmurnar að hugsa til þess að ekki væri boðið upp á að foreldrar gætu verið hjá börnum sínum yfir nóttina, sérstaklega eins veikum og börn geta verið svona stuttu eftir aðgerð. (Samkvæmt síðustu fréttum er Milena nú komin heim og gengur vel).

Kirsti Ylikoski og Milena.

Gjörgæslan

Eftir að hafa kvatt mömmuna, sem heitir Kirsti Ylikoski, og frekar daprar yfir aðstöðu foreldra þarna, eða frekar aðstöðuleysi, fórum við yfir á gjörgæsluna.

Aðstaðan þar var ekkert skárri, þröngur gangur og fullt af dóti á ganginum því geymslupláss vantar. Herbergin voru fjögur og eitt hágæsluherbergi. Í hverju herbergi var gert ráð fyrir fjórum sjúklingum! - já, nákvæmlega og herbergin voru ekki stór, þannig að ekki var mikið pláss fyrir hjúkkurnar að athafna sig. Sögðu hjúkrunarfræðingarnir sem þarna voru að oft þyrfti að vísa foreldrum út þegar öll rúmin væru fullskipuð. Foreldrar fá því ekki að vera hjá börnum sínum á gjörgæslunni eins og þá lystir og alls ekki á næturnar.

Lág dánartíðni

En þess má þó geta að þótt okkur hafi ekkert litist á aðstöðuna hjá þeim húsnæðislega séð, þá er dánartíðni í Finnlandi hjá hjartabörnum mjög lág, svo þeir eru að gera mjög svo góða hluti þarna og eru með mjög færa lækna. Allar hjartaaðgerðir fara fram í Finnlandi, börn eru ekki send til Bandaríkjanna eða Englands, og fjórir hjartaskurðlæknar starfa við sjúkrahúsið í Helsinki. Tækjabúnaður er góður og nýtískulegur, þannig að þeir virðast spila vel úr því sem þeir hafa.

Katja sagði okkur að þau hefðu heimsótt spítala í Rússlandi og eftir það væru þau mjög sátt við aðstöðu sína. En heimsóknin á sjúkrahúsið í Helsinki sannfærði okkur tvær um að aðstaða okkar hér heima er í rauninni mjög góð. Við vissum það nú reyndar áður en við fórum út.

Berglind og Guðrún
(ánægðar hjartamömmur frá Íslandi)

KOLA PORTIÐ

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Akureyri
Rafeyri ehf.
Rafmenn ehf.
S.S. byggir ehf.
Stórholt ehf.
–Toyota – Akureyri
Straumrás hf.
Svalbarðsstrandarhreppur
Tannlæknahúsið sf.
Árni Páll,
Tannlæknastofa
Ragnheiðar Hansdóttur
Tannlæknastofa
Sigrúnar Marteinsdóttur
Trévís ehf.
Tölvís sf.
Vaxtarræktin ehf
–Íþóttahöllini
Verkfræðistofa
Norðurlands hf.
Verslunin Síða
Vélsmiðja Steindórs hf.
Vélsmiðjan Ásverk ehf.
Vörubílstjórafélagið Valur

Grenivík
Grýtubakkahreppur

Dalvík
Ektafiskur
Hárverkstæðið
Katla hf.
Sæplast Dalvík ehf.
Vélvirki hf.

Ólafsfjörður
Fjallabyggð
Heilsugæslustöðin
Hornbrekka
Sparisjóður Ólafsfjarðar

Húsavík
Bílaleiga Húsavíkur ehf.
Fensalir ehf.
v/Gistiheimilið Árból
Ferðaþjónustan Hafralæk
Fjallasýn – Rúnars
Óskarssonar hf.
G.P.G. fiskverkun ehf.
Knarrareyri ehf.
Norðurlax hf.
Skóbúð Húsavíkur
Steinsteypir ehf.
Tjörneshreppur
Langanes hf.
Víkurraf ehf.
Ökuskóli Húsavíkur ehf.

Laugar
Litlulaugaskóli
Norðurpóll ehf.
Reykjahlíð
Hótel Reykjahlíð

Kópasker
RKÍ Öxarfjarðardeild
Röndin ehf.

Raufarhöfn
Erlingur Thoroddsen
v/Hótel Norðurljós
Önundur ehf.

Þórshöfn
Geir ehf.
Haki ehf.
Langanesbyggð
Svalbarðshreppur
Verkalýðsfélag Þórshafnar

Vopnafjörður
Ferðaþjónusta Syðri–Vík
Jónsver ses
Rafverkstæði Árna
Vopnafjarðarhreppur

Egilsstaðir
AFL – Starfsgreinafélag
Austurlands
Betri flutningar ehf.
Bílamálun
Egilsstöðum ehf.
Björn Kristleifsson
Fellabakarí
Ferðaskrifstofa
austurlands
Fjalladýrð
Fljótsdalshérað
Grunnskólinn Egilsstöðum
og Eiðum
Kaupfélag Héraðsbúa
Malarvinnslan hf.
Menntaskólinn
á Egilsstöðum
Miðás hf.
Shell skálinn, Egilsstöðum
Skógrækt ríkisins
Skriðuklaustur
– Gunnarsstofnun
Sólskógar ehf.
Tréiðjan Einir hf.
Trésmiðja
Guðna Þórarinssonar
Ungmenna- og
íþróttasamband
Austurlands
Verkfræðistofa
Austurlands hf.
Verslunarmannafélag
Austurlands
Verslunin Skógar ehf.
Ökuskóli austurlands

Seyðisfjörður
Félag opinberra starfs-
manna á Austurlandi
Seyðisfjarðarkaupstaður
Þvottatækni ehf.

Reyðarfjörður
Fjarðabyggð
Trévangur hf.

Eskifjörður
Bílaverkstæði Ásbjörns
Eskja hf.
Héraðssjóður
Austfjarðaprófastsdæmis
Videoleiga Eskifjarðar
Viðhald fasteigna

Neskaupstaður
Rafgeisli
Tómas R. Zoéga ehf.
Sparisjóður Norðfjarðar

Fáskrúðsfjörður
Grunnskólinn
á Fáskrúðsfirði

Stöðvarfjörður
RKÍ Stöðvarfjarðardeild
Steinasafn Petru

Breiðdalsvík
Hótel Bláfell
– Vinamót ehf.

Djúpivogur
Víðir og Alda ehf.

Höfn
Ferðaþjónustan
Stafafell í Lóni
Heilbrigðisstofnun
Suðausturlands
Menningarmiðstöð
Hornafjarðar
Mikael ehf.
Skinney – Þinganes hf.
Vökull Stéttarfélag

Selfoss
Atvinnuþróunarsjóður
Suðurlands
Árvirkinn ehf.
Bisk–verk ehf.
Bílaþjónusta Péturs ehf.
Bjarnabúð
Byggingafélagið Laski ehf.
Do–Re–Mi
Dýralæknaþjónusta
Suðurlands
Húsið Gisting
JÁ Verk ehf.
Jeppasmiðjan ehf.
Litla kaffistofan ehf.
Málningarþjónustan ehf.
Nesey ehf.
Nesós ehf.
Raföld ehf.
Renniverkstæði
Björns Jenssen
Ræktunarsamband
Flóa og Skeiða
S.G. hús hf.
Selfossveitur
Set ehf.
Sjúkraþjálfun Selfoss ehf.
Tindaborgir ehf.
Verkfræðistofa
Suðurlands ehf.
Verslunin Íris, Kjarnanum
Vélsmiðja Suðurlands ehf.
Vinnuvélar – Svínavatni
Vöruflutningar
Magnúsar G. Öfjörð

Hveragerði
Eldhestar ehf.
– Vellir Ölfusi
Garðplöntusalan Borg
Grunnskólinn
Hamrar hf. – Plastiðnaður
Heilsustofnun N.L.F.Í.
Hveragerðisbær
Kaffi Kidda Rót
Verkalýðsfélagið Boðinn

Þorlákshöfn
Auðbjörg hf.
Fagus ehf.
Frostfiskur ehf.
Leikskólinn Bergheimar
Steinsteypusögun
Snæfelds ehf.

Eyrarbakki
Hárgreiðslustofa
Ingibjargar Eiríksdóttur

Stokkseyri
Flóð og fjara ehf.

Laugarvatn
Verslunin H–Sel
Laugarvatni

Flúðir
Ferðaþjónustan
Syðra–Langholti
Flúðasveppir ehf.
Hitaveita Flúða
og nágrennis
Vélaverkstæðið Klakkur

Hella
Ás – Hestaferðir
Bílaverkstæðið
Rauðalæk ehf.
Gróðrastöð Birgis
Heflun ehf.
Verktakaþjónusta
Hekluhestar
Héraðssjóður Rangárvalla-
prófastsdæmis
Rangá hf.
Rangárþing ytra
v/bókasafns
Varahlutaverslun
Björns Jóhannssonar
Verkalýðsfélag Suðurlands
Vörufell

Hvolsvöllur
Ferðaþjónustan
Indriðastöðum
Ferðaþjónustan
Stórumörk
Héraðsbókasafn
Rangæinga
Krappi ehf.
RKÍ Rangárvallasýsludeild
Steinasteinn ehf.

Vík
Mýrdalshreppur

Kirkjubæjarklaustur
Ferðaþjónusta bænda
Efri–Vík
Skaftárhreppur

Vestmannaeyjar
Bílaverkstæði Sigurjóns
Eyjasýn ehf.
Frár ehf.
Gallerí Prýði – Ramin ehf.
Gæfa ehf
Huginn ehf
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Karl Kristmanns –
umboðs- og heildverslun
Ós ehf.
Reynistaður ehf.
Skattstofa Vestmannaeyja
Skipalyftan hf.
Sýslumaðurinn
í Vestmannaeyjum
Vélaverkstæðið Þór hf.
Viking tours

LÝSING

Domino's Pizza

120 1900 2000

Leggðu góðu málefni lið

Stór þáttur í mannesðjunni er að vilja skipta máli og taka þátt í að skapa umhverfi sitt og samfélag. Í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans hefur verið opnuð ný þjónusta í Einkabankanum á landsbanki.is sem auðveldar fólki að styðja við góð málefni. Á einfaldan hátt getur fólk valið milli fjölda málefna og lagt þeim lið með einni greiðslu eða með reglubundnum hætti. Það er auðvelt að byrja og auðvelt að hætta.

Það er auðvelt að skipta máli

Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár